

PALLURINN

LAUGARDAGUR 13. APRÍL 2013

Kynningarblað Gróður, viðarvörn, pallaolía, heitir pottar, harðviður, skjólveggir.



Ef vandað er til verksins í upphafi getur pallurinn enst vel og lengi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Allt fyrir pallinn hjá Húsasmiðjunni

Viðskiptavinir fá ráðgjöf og allt efni í pallasmíðina í verslunum Húsasmiðjunnar. Fyrirtækið var á sínum tíma frumkvöðull hérlendis í hönnun sólþalla og skjólveggja. Auk þess býður Húsasmiðjan upp á úrval grilla, húsgagna og heitra potta á pallinn.

Húsasmiðjan var frumkvöðull í hönnun sólþalla og skjólveggja hérlendis fyrir aldarfjórðungi. Samvinna Húsasmiðjunnar og franska landslagsarkitektsins Stanislas Bohic vakti mikla athygli á sínum tíma og átti eftir að fæða af sér ótal sólþalla og skjólveggja um allt land. Í dag býður fyrirtækið upp á heildarþjónustu fyrir viðskiptavinum sem eru að íhuga byggingu sólþalls eða skjólveggis. Einar Sveinsson hjá söluveild Húsasmiðjunnar segir sólþallinn stækka íverustað fjölskyldunnar og bjóða upp á fjölbreytta möguleika, auk þess sem hann eykur verðgildi eignarinnar. „Þegar hugað er að byggingu sólþalls er mikilvægt að undirbúa sig vel. Það þarf til dæmis að huga að því hvar og hvenær sólin skín, hvar eigi að staðsetja heita pottinn, grillið og húsgögnin. Einnig þarf að huga að jarðveginum og gróðri á löðinni.“

Teikningar í þrívídd

Húsasmiðjan býður upp á ráðgjöf, allt efni og verkfæri til pallasmíðar og að sjálfsgöfðu allt á pallinn sjálfan. „Húsasmiðjan býður þjónustu garðhönnuðar sem teiknar pallinn í þrívídd frá mismunandi sjónarhornum. Þannig sér viðskiptavinur hugmyndina í þrívídd og grunnteikningu ásamt verðáætlun fyrir öllu, allt niður í smæstu skráfu. Fyrir þá sem vantar verkfæri og tæki til pallasmíðar bjóðum við upp á öflugan áhaldaleigu þar sem viðskiptavinir geta fengið bora, staurabora, litlar gröfur og ýmis önnur tæki og tól.“

Þegar kemur að framkvæmdinni sjálfri hvetur Einar fólk til að leita ráða hjá fagmönnum, að minnsta kosti til að koma að koma sér af stað. „Langvinsælasta efnið sem við seljum í palla og skjólveggir er AB gagnvarin fura. Húsasmiðjan selur eingöngu efni með viðurkenndri gagnvörn sem endist til fjölda ára en þau eru samkvæmt ströngustu umhverfisreglum. Einnig er mikilvægt að nota ryðfrjár skráfur ef pallurinn er nálægt sjó.“ Lerki hefur einnig verið að vinna á, að sögn Einars, en það er náttúrulega gagnvarið og dugir í áratugi. Lerkið þarf líka minna viðhald ef fólk sættir sig við að láta það grána en lerkið fær silfurgráan lit. Einnig er í boði harðviður sem



Gott er að eiga notalega stund í heitum potti á pallinum heima.

MYND/ÚR EINKASAFNI

endist von úr viti að sögn Einars, enda nánast eins og bryggjudekk.

Reglulegt viðhald nauðsynlegt

Ef vandað er til verksins í upphafi að sögn Einars getur sólþallurinn og skjólveggurinn enst vel og lengi, sérstaklega ef hann fær reglulegt viðhald með því að bera á hann pallaolíu eða viðeigandi viðarvörn. „Það þarf að bera fyrst á hann fljótlega eftir að hann er tilbúinn. Svo þarf að bera á hann reglulega, helst á hverju ári. Best er að gera þetta á vorin og sumrin en það þarf að muna að þrifa hann vel áður.“

Ekki má gleyma því sem fer á pallinn. Húsasmiðjan býður upp á gott úrval grilla, húsgagna og heitra potta og boðið er upp á heimsendingarþjónustu vara á sanngjörnu verði.

Ráðgjafar og sölumenn Húsasmiðjunnar um land allt eru ávallt tilbúnir að veita þjónustu og eru flestir þeirra faglærðir með margra ára reynslu. Hægt er að pantast tíma hjá ráðgjafa í síma 525-3000 og allar nánari upplýsingar má finna á www.husa.is.



Húsasmiðjan býður upp á ráðgjöf vegna pallasmíðar, efni í pallinn, verkfæri og að sjálfsgöfðu allt á pallinn sjálfan, að sögn Einars Sveinssonar hjá söluveild Húsasmiðjunnar.

MYND/GVA

Húsasmiðjan leigir út tæki og tól til pallagerðar og selur úrval grilla og húsgagna á pallinn.

MYND/ÚR EINKASAFNI



HÚSASMIÐJAN



Á sólríkum sumardeggi er fátt betra en að gæða sér á girnilegum dögurði. Egg Benedict er tilvalin á matarborðið á slíkum degi. NORDICPHOTOS/GETTY

Klassískur dögurður

Hinn klassíski réttur Egg Benedict lítur út fyrir að vera mun flóknari en hann raunverulega er. Aðalmálið er að klúðra ekki eggjasuðunni.

Hér má finna nokkur góð ráð um hvernig best er að sjóða egg án skurnar og búa til svokallað „poached“ egg.

- Veljið grunnan og víðan pott sem getur tekið 1,5 lítra af vatni.
 - Fyllið pottinn að tveimur þriðju.
 - Bætið ediki, til dæmis 1-2 tsk. af hvítvínseðiki, út í vatnið.
 - Hitnið að suðu en látið ekki bull-sjóða (hitinn skal vera í kringum 71 til 82 gráður).
 - Notið ný egg því hvítan er þykkari í þeim.
 - Brjótið hvert egg í litla skál. Þannig er auðveldara að láta það síga varlega ofan í vatnið.
 - Egginn eru látin sjóða í 5 til 7 mínútur.
 - Takið egginn upp með fiskispaða, setjið á pappír og saltið.
 - Egginn skal snæða sem fyrst eftir að þau eru soðin.
 - Auðveldast er að sjóða eitt egg í einu. Þá er hrært í vatninu og eggjið látið varlega út í meðan vatnið þyrlast.
 - Þegar fleiri en eitt egg er soðið í einu þarf vatnið að vera kyrrt. Egginn eru sett varlega út í en passa þarf að þau blandist ekki hvert öðru.
- „Poached“ egg henta með fjölmörgum réttum. Þau eru ómissandi í Egg Benedict en einnig góð ein og sér, með beikoni eða út á salat.

Egg Benedict (Fyrir 4)

Fjögur egg soðin án skurnar, veidd upp úr, sett á pappír og söltuð.

Hollandaise-sósa
300 g smjör
3 eggjaraudur
1 msk. hvítvínseðik eða sítrónusafi
salt
pipar

Eggjaraudur þeyttar yfir volgu vatnsbaði, smjórið brætt og því hellt varlega út í og þeytt saman allan tímann. Athugið að smjórið má ekki vera of heitt. Kryddað með hvítvínseðiki/sítrónusafa, salti og pipar.

Brúnið brauðið á pönnu upp úr smjóri, þar til fallegur gylltur litur er kominn. Létthitið skinkuna á sömu pönnu og setjið yfir brauðið. Eggjið er sett ofan á skinkuna og loks sósan yfir allt.



Egg sem er soðið án skurnar verður svolítið skemmtilegt í laginu.



Gott er að hafa eggjið í skál og setja það síðan varlega út í heitt vatnið.



Viðarpallur þarfnast reglulegs viðhalds.

GRÁR OG GUGGINN SÓLPALLUR

Sólpallar grána með tímanum við það að sólarljós skín á þá. Gráminn sem myndast er þó einungis á yfirborði timbursins og auðvelt að fjarlægja hann með því að skafa eða pússa timbrið. Þegar mála á eða bera á timbrið er nauðsynlegt að fjarlægja grámann þar sem hann hindrar viðloðun málningarinnar við timbrið. Eins er gott að hreinsa eldri palla með sérstökum hreinsiefnum sem vinna á ýmsum blettum, örveru- og sveppagróðri. Gætið þess að fylgja leiðbeiningum hreinsiefnanna ítarlega.

Val á viðarvörn fer eftir viðnum og notkun á pallinum. Olíuviðarvörn endist alla jafna lengur og þarfnast minna viðhalds en viðarvörn sem byggir á vatnsgrunni. Ekki bera viðarvörnina á í sólskini þar sem hún þornar fljótt á yfirborðinu og gengur ekki inn í viðinn.



Christopher Columbus kynnti hengirúmið fyrir Evrópubúum.

LEGIÐ Í LETI

Hengirúm eru tilvaldir fylgihlutir á pallinn. Það er eitthvað heillandi við að liggja í hengirúmi, loka augunum og vaggja hægt til hliðanna.

Saga hengirúmsins er reyndar nokkuð áhugaverð. Hengirúmið var próað af frumbyggjum Mið- og Suður-Ameríku. Fyrstu hengirúmin voru ofin úr berki af hamack-trénu en hengirúm eru kölluð hammock á ensku. Ein af ástæðum þess að hengirúmið var vinsælt hjá frumbyggjunum var að það veitti vörn gegn ýmsum sjúkdómum. Með því að hengja rúmið upp af jörðinni minnkuðu líkur á að fólk væri bitað af snákum eða stungið af skordýrum.

Christopher Columbus kynnti hengirúmið fyrir Evrópubúum fyrstur manna þegar hann kom með nokkur slík til Spánar frá eyjum sem í dag eru þekktar sem Bahama-eyjar. Hengirúmin voru mikið notuð af sjómönnum til að auka þægindi þeirra en einnig til að spara pláss um borð í skipum. Þau voru einnig vinsæl meðal landkönnuða og hermanna sem voru á ferð um skógi vaxin svæði.



Yndislegt er að slaka á í hengirúmi.

ASUS ZENBOOK™

HÖNNUN
HRAÐI
FEGURÐ

tl.is

TÖLVU LISTINN

Námskeið laugardaginn 20. apríl

Sólpallar og skjólgirðingar

■ Hönnun útfærsla og smíði

Þetta námskeið fjallar um hönnun og smíði tréþalla og skjólgirðinga. Góð hönnun tryggir notagildi og skjól á pallinum, á meðan vönduð smíði lengir líftíma palls og eykur fegurð umhverfis. Skoðaðar eru ýmsar útfærslur og hvernig hægt er að mynda gott samræmi milli húss, palls og skjólgirðinga. Sérstaklega er fjallað um veðurfar en skjól er forsenda þess að góðir útivistardagar á pallinum verði sem flestir. Farið er yfir gerð grindarteikninga, útfærslu og smíði. Einnig er farið yfir helstu timburtegundir, festingar, undirstöður og frágang.

Námskeiðið er í fyrirlestraformi stutt fjölda ljósmynda og teikninga. Kennari er höfundur bókarinnar „Draumagarður“ sem er hluti námskeiðsgagni.

Námsmat:	100% mæting.
Kennari:	Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt.
Staðsetning:	Skúlatún 2, Reykjavík.
Tími:	Laugardagur 20. apríl, kl. 9.00 – 16.00.
Lengd:	10 kennslustundir.
Fullt verð:	20.000 kr.
Verð til aðila IÐUNNAR:	4.000 kr.



IDAN
fræðslusetur
idan@idan.is
www.idan.is

Öðruvísi blómapottar

Með hækkandi sól má fara að huga að garðverkunum, dusta ryk af áhöldum og tína til blómapottana. Ef gömlu leirpottarnir eru orðnir lúnir og leiðinlegir mætti breyta til en ýmiss konar ílát geta vel gegnt hlutverki blómapotta. Gamlar kommóður eru fyrirtaks blómaker, sérstaklega ef málaðar í sumarlegum litum, og þá hafa hvers konar niðursuðudósir eða skrautlegir kökudunkar lífgað upp á garðinn. Stígvél sem farin eru að leka og gamla skó er einnig tilvalið að nota til að gróðursetja falleg blóm.



Barnavagn getur haft mikið tilfinningalegt gildi. Hví ekki að gróðursetja blóm frekar en að henda honum?



Gömul kommóða sem máluð er í rómantískum og sumarlegum litum getur gert mikið fyrir garðinn. Svo hún endist lengur gæti verið sniðugt að bora göt í skúffubotnana svo rigningarvatn geti lekið burt.

Fallegar niðursuðudósir og munstraðir kökudunkar eiga vel heima í garðinum og verða meira sjarmerandi við hverja dæld og ryðblett.



Slitinn leðurskór verður að afar skemmtilegum blómapotti en nýta má lek gúmmistígvél og annað ónytt skótau af fjölskyldunni undir stjúpur og fjólor.



Fara þarf varlega við frágang fúavarnarefna.

SJÁLFSÍKVEIKJA

Sjálfsíkveikja vegna fúavarnarefna og annarra olíuefna er vel þekkt fyrirbrigði. Þegar tuskur og penslar eru bleyttar í olíu og þeim safnað saman í einn haug getur innan nokkurra klukkustunda kviknað í þeim eldur. Það sem gerist er að olían gengur í efnasamband við súrefni og við það myndast hiti og orka.

Undir venjulegum kringumstæðum þornar olían og harðnar og hitinn hverfur. Sé hins vegar öllu safnað saman í haug geta myndast aðstæður þar sem þessi orka kemst ekki burt. Að lokum myndast svo mikill hiti að sjálfsíkveikja á sér stað. Best er því að breiða vel úr þeim tuskum sem notaðar eru þannig að loft eigi greiðan aðgang að þeim. Þegar þær hafa þornað er í lagi að safna þeim saman til að nota síðar.

Mold úr mat

Eigin jarðgerð í bakgarðinum er einföld leið til að nýta matarafgangna heimilisins og til að losna við að keyra grasið úr garðinum í Sorpu eftir slátt. Allt sem þarf er safnkassi.

Einfaldan safnkassi má slá saman úr timbri og láta lofta milli fjala. Neðst þyrfti að vera gott bil til að ná moldinni úr kassanum. Eins gæti verið hentugt ef hægt væri að losa eina hliðina úr svo hægt sé að tæma kassann alveg.

Hvað má fara í safnkassann úr eldhúsinu:

- Ávextir og grænmeti
- Kjöt
- Fiskur og skeldýr
- Mjólkurafurðir
- Ostavax
- Egg og eggjaskurn
- Brauð
- Kaffi og kaffifilter
- Te og tepokar
- Mjöl, hrísgrjón og pasta
- Afskorin blóm, pottablóm og pottamold
- Óbleiktur eldhúspappír
- Eggjabakkar

Hvað má fara í safnkassann úr garðinum:

- Gras
 - Mosi
 - Visinn gróður
 - Lauf
 - Hey og hálmur
 - Börkur, barr, greinar og kvistir
- Safnaðu lífrænum úrgangi úr eldhúsinu í pappírspoka sem loftar um. Gott er að fara með hann út í safnkassann annan hvern dag, áður en hann fer að lykta. Öðru hvoru skal setja úrgang úr garðinum saman við eldhúsúrganginn, ekki mold þó en best er að hlutfall eldhús- og garðúrgangs sé til-



Nokkuð auðvelt er að slá upp einföldum safnkassa úr timbri.

tölulega jafnt í kassanum. Þá skal blanda vel saman.

Til að flýta fyrir jarðgerðinni er hægt að bæta kjötmjöli, hrossataði eða nýslegnu grasi í kassann. Ef úrgangurinn er kurlaður eða brytjadar niður gengur jarðgerðin einnig hraðar.

Nánari upplýsingar um jarðgerð er að finna á www.sorpa.is.

Gæði á góðu verði

Notkun harðviðar í palla og klæðningar sparar tíma og pening í viðhaldi þegar fram í sækir. Indus ehf., Óseyrarbraut 2 í Hafnarfirði, býður hágæða harðvið frá Brasilíu á góðu verði.

Ég flyt harðviðinn beint inn frá framleiðanda í Brasilíu og get því boðið mjög hagstætt verð. Hann er ekki á lista yfir verndaðar viðartegundir heldur er um sjálfbæra skógrækt að ræða. Timbrið er vottað af alþjóðlegu samtökunum Forest Stewardship Council eða FSC,“ segir Magnús Dalberg, eigandi og stofnandi Indus ehf. FSC myndi þýðast sem „Ráð hinna ábyrgu skóga“ á íslensku.

Helstu viðartegundirnar sem Magnús flytur inn frá Brasilíu eru cumaru-tekk, jatoba, ipe-hnota og garapa-askur. „Harkan og þéttleikinn í þessum tegundum gerir það að verkum að ekki þarf að meðhöndla hann eða fúaverja fyrir notkun líkt og mýkri við. Eins hefur fólk val um hvort það vill bera reglulega olíu á viðinn til að halda lit hans eða láta hann grána.“ Gráminn hefur takmörkuð áhrif á endingu en viðhaldsvinna verður nánast engin.

Nokkrar útfærslur eru í boði fyrir mismunandi aðstæður. Fyrst ber að nefna hefðbundið pallaefni sem er hefðlað á alla kanta og notað í girðingar, skjólveggi eða skrúf-að niður sem dekk pallsins. „Einnig eru til útfærslur með riffluðu yfirborði. Svo er það pallaparket þar sem sérstakar klemmur ganga inn í raufar á hliðum pallaefnisins, svo hægt er að smella þeim saman. Þar með er engin þörf fyrir skrúfur í viðinn. Yfirborðið er hægt að pússa á nokkurra ára eða áratuga fresti og verður þá alveg eins og nýtt.“ Magnús er einnig með vatnsk-læðningar úr harðviði af ýmsum



Helstu viðartegundirnar sem Indus ehf. flytur inn frá Brasilíu eru cumaru-tekk, jatoba, ipe-hnota og garapa-askur.



„Harkan og þéttleikinn í þessum tegundum gerir það að verkum að ekki þarf að meðhöndla viðinn eða fúaverja fyrir notkun líkt þarf með mýkri við,“ segir Magnús. MYND/ GVA

gerðum og panilefni fyrir þak-kanta og skyggni. „Klæðningarnar eru nótaðar og oft notaðar sem heilklæðning, eða til að brjóta upp eins og til dæmis áklæðningar. Með því móti fæst oft meiri hlýleiki.“

Undirvinnan fyrir harðvið er öll sú sama og við aðra pallasmíði eða klæðningar. Þegar harðviður er notaður heldur yfirborðið, sem mest á mæðir, betur vatni og vind-

um til lengri tíma og virkar eins og viðhaldslaus regnkápa sem skýlir efninu sem undir er. „Þá er ég með vistvænar harðviðarolíur sem veita 99 prósentu UV-vörn. Olíurnar eru sérstaklega fyrir þennan harðvið og alveg litlausar svo litur viðarins nýtur sín til fulls.“

Nánari upplýsingar um vörur Indus ehf. er að finna á www.vidur.is.

US MASTERS



SPORT HD US MASTERS 11.-14. APRÍL

GRÆNI JAKKINN SKAPAR MEISTARANN

Það er stundum sagt að fötin skapi manninn. Það á vel við um US Masters, eitt sögufrægasta golfmót í heimi. Þar mætast allir bestu kylfingar veraldar og keppa um eftirsóttustu golfverðlaun allra tíma: Réttinn til að klæðast græna jakkanum! Fylgstu með baráttunni í leifrandi háskerpu!

Bein útsending frá hinum fræga Augusta National velli í Georgíu sem fagnar 80 ára afmæli í ár.

FIMMTUDAGUR KL. 19:00
FÖSTUDAGUR KL. 19:00
LAUGARDAGUR KL. 19:00
SUNNUDAGUR KL. 18:00

HONDA

Hraunköt
Golfæfingasvæði

ICELANDAIR

PÓSTURINN

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

SPORT HD